



FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2014-2015 01.11.2014 4. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er vetur konungur farinn að minna verulega á sig enda kominn nóvember. Við höldum áfram inn í skólaárið og verður ýmislegt um að vera hjá okkur í þessum mánuði sem og öðrum.

Starfsáætlun skólans er komin inn á heimasíðuna og má finna hana á slóðinni <http://siduskoli.is/static/files/starfsaaetlun%202014-2015.pdf>.

Einnig er búið að setja inn námsáætlanir fyrir hvern árgang en þær má finna á slóðinni <http://siduskoli.is/is/page/namsaaetlanir>.

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember en það er sunnudagur. Við komum því til með að halda upp á daginn föstudaginn 14. nóvember. Þann dag verður Stóra upplestrarkeppnin sett í 7. bekk. Einnig verður Litla upplestrarhátíðin í 4. bekk sett þann dag. Unglingadeildin mun halda upp á daginn eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þá munu unglingadeildirnar í öllum grunnskólunum á Akureyri hittast og verður 9. bekkur grunnskólanna í Síðuskóla. Að þessu sinni er þema dagsins íslensk skáld. Þann 18. nóvember munu Hanna og Oddný, þær sem sáum um ytri úttektina á skólanum koma og kynna fyrir starfsfólki niðurstöðurnar.


SMT-dagur verður hjá okkur þann 21. nóvember en þá munum við blanda saman árgöngum, tengja saman vinabekki og vinna að sérstökum verkefnum tengdum einkunnarorðum skólans.

Vikuna 17.-21. nóvember fáum við hóp að Svíum til okkur í heimsókn. Þetta er liður í norrænu samstarfsverkefni um forritun sem Síðuskóli hefur verið að vinna að í vetur með skóla í Svíþjóð. Í hópnum eru 15 nemendur og þrír kennara úr Södertörns Friskola sem er staðsettur rétt fyrir utan Stokkholm.

Það má því segja að hjá okkur í Síðuskóla sé líf og fjör!

Með bestu kveðju úr skólanum

Ólöf Inga



Vetur konungur gerði vart við sig í byrjun október og þessi mynd er úr einum innigaðinum okkar.

Nokkur orð um læsi

Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi í víðum skilningi vísar hins vegar til þess að nemendur nái tökum á ýmsum táknkerfum og miðlum; kunni til dæmis að búa til vef eða stuttmynd eða þjálfist í að leggja mat á margs konar efni, til að mynda fréttir og auglýsingar. Tungumálið er jafnmikilvægt og áður en er nú í sambyli við aðra tjáningarmiðla sem gegna afar mikilvægu hlutverki í námi, starfi og lýðræðis-þátttöku fólks.

Læsi er því snúið og það sem í því felst – ritun og lestur – tekur breytingum.

Það á sér ekki stað í tómarúmi og á hverjum tíma reyna kennarar að átta sig á framvindu þess. Nú á dögum er til dæmis oft sagt að samfélög víða um heim séu upplýsingasamfélög eða þekkingar-samfélög og læsi þurfi að taka mið af því. En hafa samfélög ekki alla tíð snúist um upplýsingar og þekkingu? Einnig er bent á að við lifum á tímum upplýsingatækni og margmiðlunar og sagt að nauðsynlegt sé að líta til læsis með hliðsjón af því. En hefur sú uppfinning manna að nota tákn til að móta og varðveita hugsanir sínar og þekkingu, og gera efnið aðgengilegt öðrum, ekki alla tíð snúist um tækni? (2012, Læsi, ritröð um grunnþætti menntunar).

Á döfinni í nóvember:

- 8. nóv. Baráttudagur gegn einelti
- 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu
- 21. nóv. SMT dagurinn
- 24. nóv. Þorgrímur Þráinsson kemur í heimsókn á unglingastig

Úr skólalífinu

Fyrsta samverustund hjá yngsta stigi var haldin 16. okt.

s.l. Þá steig allur 4. bekkur á svið og fræddi okkur hin um þjóðarblómið og þjóðarfjallið og sungu svo ryksugulagið af miklum krafti.



Hér til hliðar má sjá útfærslu nemenda á þjóðarfjallinu Herðubreið og þjóðarblóminu Holtasóley.

GRUNNSKÓLI—LEIKSKÓLI

Elstu nemendur leikskólans Krógabóls komu í heimsókn til nemenda í 1. bekk um miðjan mánuðinn og urðu miklir fagnaðarfundir.

Þessi heimsókn er liður í samstarfi leikskólanna í Síðuhverfi og Síðuskóla um aðlögun elstu nemendanna í leikskólunum að grunnskólaumhverfinu. Síðar koma svo nemendur frá Sunnubóli og Hulduheimum. Gagnkvæmar heimsóknir verða áfram út skólaárið þar sem nemendur vinna ýmis verkefni saman í leik og starfi.



Sunnuból

Hulduheimar



Krógaból




Úr skólalífinu



Skólareglur og bekkjarsáttmálar

Í skólanum eins og annars staðar í samfélaginu þurfum við reglur til að fara eftir. Í öllum bekkjarstofum og á göngum má sjá skólareglurnar okkar snyrtilega upp settar og einnig hafa nemendur gert s.k. bekkjarsáttmála. Þeir eru nánari útfærsla á því hvaða reglur nemendur og kennarar vilja hafa í sínum stofum. Nemendur hafa unnið þá oft á tíðum á mjög listrænan hátt eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Leitin að Grenndargralinu hálfnuð!

Grenndargralið er ratleikur þar sem takmark þátttakenda er að finna bikar, hið svokallaða Grenndargral, sem búið er að koma fyrir á vissum stað á Akureyri. Leitin að Gralinu tekur 10 vikur og hún fer þannig fram að nemendur, ýmist einir eða tveir saman, fá eina þraut (verkefni) til lausnar í viku hverri. Þraut sem tengist sögu eða menningu Akureyrar og/eða Eyjafjarðar. Við lausn hverrar þrautar fá nemendur einn bókstaf. Markmið þeirra er að safna að lágmarki tíu bókstöfum sem fást við úrlausn þrautanna sem þeir svo nota til að mynda ákveðið orð. Orðið er nokkurs konar lykilorð og er þekkt úr sögu Eyjafjarðar. Þegar krakkarnir ná að raða saman bókstöfunum og mynda sjálft lykilorðið öðlast þeir rétt til að hefja leit að Grenndargralinu. Til þess fá þeir eina lokavísbendingu sem vísar þeim á fundarstaðinn. Sá eða þeir sem finna Gralið standa uppi sem sigurvegarar. Þeir fá Gralið afhent til varðveislu í eitt ár við hátíðlega athöfn á sal þess skóla sem sigurvegararnir koma úr. Þá fá þeir verðlaunapeninga til eignar. Allir sem klára þrautirnar tíu fá viðurkenningarskjal fyrir góða frammistöðu eftir langa og stranga leit.

http://grenndargral.is/?page_id=31

Til hamingju stelpur!

Leitin að Karamellukrukkunni er hluti af leitinni að Grenndargralinu. Það voru þær Eygló og Soffía Karen í 8. bekk sem fundu krukkuna föstudaginn 17. október. Þær settu nýtt tímamet því það tók þær aðeins 15 mínútur að finna krukkuna. Sigurvegararnir fengu pizzuveislu fyrir tvo frá Greifanum.



Loftlagsáskorun

Síðuskóli ætlar að taka þátt í opnun Loftslagsáskorunarinnar. Þetta er verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem ætlar að gera norræna loftslagsdaginn 11. nóvember að merkisdegi í ár. Þá verður ýtt úr vör nýju og metnaðarfullu námsefni um norrænt loftslag og sjálfbærni fyrir aldurshópinn 12 til 14 ára.

Þann 11. nóvember n.k. munu Thomas Mikkelsen, þróunar- og verkefnisstjóri Loftslagsáskorunarinnar og Elva Ósk Gylfadóttir, verkefnisstjóri Loftslagsáskorunarinnar, kynna verkefnið og opna námsgátt Loftslagsáskorunarinnar hér í Síðuskóla kl. 14.00 og verður dagskrá til kl. 16.00. Síðuskóli fær þann heiður að vera fyrstur til að skrá sig til þátttöku.

Fulltrúar skólans í þessari vinnu eru kennararnir Hafdís Kristjánsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir.

Vetrarljóð

Snjóhríðin barði húsið að utan
ég sá tárin renna niður gluggana
heyrði í beinverkjum veggjanna
skynjaði kvein þaksperranna

Ég hjúfraði mig saman undir ylvolgri sænginni
klemmdi saman augun
og þakkaði guði fyrir hlutskipti mitt

Yrma '79



Frá hjúkrunarfræðingi

Kæru foreldrar

SVEFN OG SVEFNVENJUR

Börn á aldrinum 7 til 11 ára þurfa a.m.k. tíu klukkutíma svefn á hverri nóttu til að vera vel hvíld og tilbúin í daginn. Góður svefn er undirstaða þess að barnið þitt sé heilbrigt og vel hvílt.

SVEFNRAÐ

- Koma á afslappandi venjum, eins og baði, bursta tennur, lesa bók eða spjalla í rólegheitunum fyrir svefninn.

- Forðast að gefa börnum drykki sem innihalda koffín a.m.k. 6 klst. fyrir háttatíma.

Hafa myrkur í svefnherberginu, ef það er nauðsynlegt þá er hægt að hafa lítið náttljós.

- Hávaði nálægt svefnherbergi barns getur truflað svefn.

Hafa fastan tím a til að fara í rúmið og standa við hann.

- Forðast stórar máltíðir rétt fyrir háttatíma.



MATSEÐILL – Nóvember 2014

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3 Steiktur fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	4. Kjötbollur, kartöflur, rauðkál, sósa, sulta	5. Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, ávextir	6 Pasta , salatbar	7 Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð.
10 Fiskisteikur,m/osti, kartöflur, ferskt grænmeti, jógúrtsósa, ávextir	11 Slátur, kartöflumús, ávextir	12 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	13 Pítur m/hakki, grænmeti, sósa	14 Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
17 Buff, kartöflur, grænmeti, rauðkál, sósa, sulta	18 Fiskinaggar, salatbar	19 Lambsbógur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa	20 Nætursaltaður fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð,smjör, ávextir	21 Kakósúpa, tvíbökur, ávextir
24 Fiskibollur, kartöflur, lauksósa, ávextir	25 Kjötsúpa	26 Hamborgarar grænmeti sósa	27 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur ávextir	28 Gúllas, kartöflumús